

Ed.

509. Tillaga

til þingsályktunar um skipun sparnaðarnefndar.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar, að í lok yfirstandandi þings skuli kosin, með hlutfallskosningum, þriggja manna sparnaðarnefnd, er starfar endurgjaldslaust milli þinga að því að gera tillögur um sparnað vegna rikissjóðs, að því er snertir útgjöld við opinbera starfrækslu, einkum í höfuðstaðnum. Allar ríkisstofnanir og einstakir starfsmenn landsins skulu skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, er hún kann að óska viðvikjandi þessu máli,

svo sem um launakjör eins og þau hafa verið undanfarin 5 ár, húsaleigu, óvissan tilkostnað, vinnutíma og verkefni. Nefndin leggur síðan fyrir Alþingi 1928 tillögur sínar um einfaldara og ódýrara skipulag í hinum ýmsu greinum opinberrar starfrækslu.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, hefir nú á þessu þingi orðið að klipa af fjölmörgum fjárveitingum til vega, brúa og síma, og ef tíi muna harðnar í ári, er ekkert sennilegra en að landssjóður geti litlar framkvæmdir haft í þessu efni. Á hinn bóginn fjölgar stöðugt starfsmönnum landsins, og kostnaður við mannhald og skrifstofur, einkum í höfuðstaðnum, fer vaxandi með ári hverju. Mun því nauðsynlegt að leita nýrra úrræða, ef ekki á ver að fara. Gera má ráð fyrir, að allir, eða að minsta kosti einhverjir af flokkum þingsins muni fúsir að leggja til menn, er vilja vinna að svo nauðsynlegu starfi endurgjalds-laust, vegna almennra hagsmuna.